

**Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá
Mislæg gatnamót Víkurvegjar og Hringvegjar ásamt
Reynisvatnsvegi frá Hringvegi að Reynisvatni**

Kristbjörn Egilsson

Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna hf

NÍ-00015

Reykjavík, nóvember 2000



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Í

Reykjavík x
Akureyri

Skýrsla ar EI-00015	Dags, Án, Ár nóvember 2000	Dreifing <input type="checkbox"/> Opín x Lokuð til júní 2001
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá Mislæg gatnamót Víkurveggar og Hringveggar ásamt Reynisvatnsvegi frá Hringvegi að Reynisvatni		Upplag Fjöldi síðna 24
Höfundar Kristbjörn Egilsson		Verknúmer
Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna af		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Samantekt á upplýsingum um gróðurfar, fuglalíf og náttúrverndarsvæði á Úlfarsársvæðinu, sem unnið var fyrir Reykjavíkurborg. Hér eru þessar upplýsingar um náttúrufar nýttar í tengslum við umhverfismat vegna veggerðar.		
Lykilorð fuglar, gróður, umhverfismat, veggerð, settjarnir	Ylirfarið	

KE-3
AK-1
Stærri Almennvegi 4
15.12.2000 KEUR 2
KEF 1

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 LÝSING	4
3 NÁTTÚRUVERND	4
4 ÁÆTLUÐ LANDNÝTING Á ÚLFARSÁRSVÆÐINU	5
5 TILLÖGUR NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR TIL BORGARSKIPULAGS 1996 OG 1999	5
6 NIÐURSTAÐA	6
7 HEIMILDIR	7
8 VIÐAUKAR	9
1. viðauki. Úlfarsá austan Vesturlandsvegjar	9
2. viðauki. Úlfarsá neðan Vesturlandsvegjar	17

1 INNGANGUR

Samkvæmt beiðni Almennu verkfræðistofunnar hf með vísan í fund 17. október 2000 og bréf dagsett 20. október 2000 hefur Náttúrufræðistofnun Íslands verið beðin að skoða hvernig þeir vegir sem verið er að hanna við mislæg gatnamót Víkurvegur og Hringvegur ásamt Reynisvatnsvegi að Jónsgeisla geti haft áhrif á náttúrufar (gróður og dýralíf) við Úlfarsá.

Vegagerðin felst í:

1. Breytingum á Hringveginum (mislæg gatnamót) frá núverandi ljósagatnamótum við Víkurveg norður fyrir Úlfarsá og að leggja nýjan Víkurveg á brú yfir Hringveginn með tilheyrandi römpum. Nýi Víkurvegurinn tengist núverandi Víkurvegi þar sem hann er nærri hápunkti á Keldnaholti, fer þar út úr honum og á brú yfir Hringveginn og verður lagður að nýjum gatnamótum við Grafarholt. Minnsta fjarlægð frá rampanum að árbakka Úlfarsár er 50 m.
2. Reynisvatnsvegur verður lagður í framhaldi Víkurvegur til austurs og gert er ráð fyrir að hann verði 4 akreinar að Jónsgeisla. Þessi vegkafla mun liggja að því er virðist á loftmynd innan við 100 m frá Úlfarsá. Frá Jónsgeisla er áætlað að vegur liggja til norðurs og fer hann yfir Úlfarsá og á að tengjast nýjum vegi undir Hamrahlíð.
3. Í tengslum við ofangreindar framkvæmdir verða gerðar fjórar settjarnir norðan Víkurvegur og Reynisvatnsvegur sem afrennslisvatn af vegum og götum verður veitt í áður en það rennur í Úlfarsá. Í tjörnunum verður fleytt ofan af hugsanlegri olíubrúk og botnfeldur sandur og þungmálmar. (Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík 2000; Reykjavíkurborg 2000)

Árið 1995 vann Náttúrufræðistofnun Íslands náttúrufarskönnun fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Þar var m.a. gerð úttekt á gróðurfari og fuglalífi við Úlfarsá austan Vesturlandsvegur. Árið 1997 var samskonar úttekt gerð meðfram Úlfarsá (Korpu) neðan Vesturlandsvegur. Í viðauka fylgja fyrrgreindir kaflar. (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996 og 1999).

Markmið rannsóknanna var að afla upplýsinga og taka saman skýrslu um ofangreinda náttúrufarsþætti, meta þá og koma með tillögur sem nýst gætu við skipulag svæðanna.

Eftirfarandi þættir voru hafðir að leiðarljósi við náttúrufarskönnunina:

- Að landslag, landmótun og ytra form svæðisins haldi sér, þannig að heildarsvipur og tenging við byggð verði eðlileg.
- Að hluta náttúrulegra gróðurlenda á svæðinu verði leyft að þróast áfram á eigin forsendum og að svæði sem hafa orðið fyrir breytingum, t.d. vegna framræslu, verði færð til fyrra horfs (uppfylling skurða). Á þann hátt verður hægt um ókomin ár að skoða allar þær villtu plöntutegundir sem vaxa á svæðinu í réttu umhverfi.
- Að hið fjölbreytta fuglalíf fái að dafna áfram eftir eigin lögmálum. Forsenda þess er að varðveita helstu varp- og fæðuöflunarsvæði þeirra, svo og set- og hvíldarstaði.
- Að merkar jarðfræðiminjar fái að halda sér.
- Að íbúar hafi tækifæri til þess að komast út í tiltölulega óspillta náttúru skammt frá heimilum sínum sér til heilsuþótar, skemmtunar og fróðleiks.
- Að nemendur og kennarar geti sótt þekkingu og fræðslu á vit villtrar náttúru á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að nægjanleg gögn séu til um gróðurfar og fuglalíf til að geta metið gildi villtrar náttúru á áætluðu áhrifasvæði mislægra gatnamóta Víkurveggar og Hringveggar ásamt Reynisvatnsvegi frá Hringvegi að Jónsgeisla. Þar eru þyngst á metunum áður nefnd gögn frá árunum 1995 og 1997 en einnig ýmis gögn sem safnast hafa síðan og eru varðveitt í gagnasöfnum stofnunarinnar.

2 LÝSING

Úlfarsársvæðið ofan Vesturlandsveggar er í raun dalbotn og er hluti af vatnasvæði sem á upptök í Hafravatni og endar í sjó í Blikastaðakró. Lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda vistfræðilega heild sem einkum hefur verið raskað með framræslu og hrossabeit. Þetta eru þættir sem auðveldlega má laga með litlum tilkostnaði. Neðan Vesturlandsveggar liðast Úlfarsá lygn um land sem er að mestum hluta ræktað og mótað af landnotkun (tún, trjárækt, hrossabeit o.fl.) allt til ósa. Á Úlfarsársvæðinu hafa verið skráðar 138 tegundir háplantna og 51 fuglategund austan Vesturlandsveggar og 127 tegundir háplantna og 45 tegundir fugla neðan Vesturlandsveggar. Fjölbreytt fuglalíf er við ána allt árið.

Auðugt lífríki, gróðurfar og fuglalíf er til komið vegna fjölbreytilegs landslags og samspils árinna, árbakkans, votlendisins og mólendisins í nágrenninu. Þetta samspil gerir svæðið þýðingarmikið til að viðhalda villtri náttúru í nágrenni við byggð og til útivistar. Væntanleg byggð eykur mjög þýðingu svæðisins sem útivistarsvæðis. Í raun er hér alveg einstakt tækifæri til að skipuleggja nýja byggð og aðra landnýtingu í sátt við lítt spillta náttúru. Þannig getur náttúrufar þessa svæðis þróast á eðlilegan hátt lífríkinu til framdráttar og íbúum til ómældrar fræðslu og ánægju.

3 NÁTTÚRUVERNÐ

Náttúrufræðilegt gildi Úlfarsársvæðisins hefur verið þekkt um langan tíma. Má þar nefna að í ritinu Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd (1981) er lagt til að Úlfarsá verði friðlýst. Þar segir á bls. 28–29:

„1. Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa í Blikastaðakró ásamt um 200 m breiðum bakka hvorum megin. 2. Fögur á, víða gróin niður að bökkum. Góð laxveiðiá. 3. Friðlýsing æskileg. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir mengun. E.t.v. þarf að takmarka vatnstöku Áburðarverksmiðjunnar úr ánni, en í þurrkatíð dregur óhóflega úr rennsli í neðri hluta árinna.“

Frá árinu 1984 hefur Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa í Blikastaðakró ásamt 200 m breiðum bakka beggja megin árinna verið á Náttúruminjasrá. (Náttúruverndarráð 1984 og 1996).

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur sá hluti Úlfarsársvæðisins sem er í landi Reykjavíkur undir almenna borgarvernd. Þar er borgarverndin er skilgreind á eftirfarandi hátt á bls. 84:

„Svæði og byggð sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúruafars, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Svæði sem falla undir almenna borgarvernd njóta aðhalds í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Þetta þýðir að allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir almenna borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar. Í einstaka tilfellum getur borgarstjórn leyft vissa starfsemi eða framkvæmdir, sem tengjast eðli og hlutverki svæðanna og eru í þágu almennings. Allar stærri framkvæmdir eða breytingar á afmörkum svæðanna verða deiliskipulagðar og tillögurnar kynntar samkvæmt skipulagsreglugerð.“ (Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016).

Auk þess er allt svæðið meðfram Úlfarsá skilgreint sem almennt útivistasvæði, útivistarsvæði til sérstakara nota eða til blandaðrar útivistar. Á bls. 100 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 stendur m.a.:

„Úlfarsá og Úlfarsárdalur: Stefnt er að því að vinna skipulag fyrir Úlfarsárdal austan Vesturlandsvegar. Þar er gert ráð fyrir friðlandi, almennu útivistarsvæði og íþróttasvæði. Dalurinn hefur mikið gildi sem opið svæði í borginni og þar eru ýmsar náttúruperlur.“

4 ÁÆTLUÐ LANDNÝTING Á ÚLFARSÁRSVÆÐINU

Samkvæmt Aðalskipulagi 1990-2010 er gert ráð fyrir að íbúðabyggð rísi í Grafarholti sunnan við Úlfarsá og eins á svæði milli Reynisvatns og Langavatns. Líklegt er að byggð verði einnig skipulögð á öllu svæðinu sunnan og vestan við Úlfarsfell. Hér verða því í framtíðinni byggð upp hverfi fyrir 20-40 þúsund íbúa. Þeir þurfa sín útivistarsvæði og nú er tækifæri að skipuleggja þau meðfram Úlfarsá. Verndargildi árinna og næsta nágrennis eykst gífurlega við svo fjölmenna byggð sem mun nýta svæðið til fræðslu og útivistar. Hlutverk Úlfarsár í framtíðinni getur þannig orðið eins og Elliðaáanna sem náttúruskarts í miðju þéttbýli.

Landið næst Úlfarsá að norðanverðu og u.þ.b. 500 m langur kafli næst Hafravatni er í landi Mosfellsbæjar og er ætlað til landbúnaðar á skipulagi. Þetta sýnir að mismunandi áherslur eru á landnýtingu þessara sveitarfélaga sem eiga samliggjandi land. Sjálfsagt og nauðsynlegt er að nýting lands á öllu svæðinu verði samræmd. Má í því sambandi minna á þær deilur sem hlutust af ólíku skipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar í Fossvogsdal.

5 TILLÖGUR NÁTTÚRUFRÆDISTOFNUNAR TIL BORGARSKIPULAGS 1996 OG 1999

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði það að tillögu sinni í ofangreindum úttektum (1996 og 1999) að Úlfarsársvæðið yrði friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum og hlyti stöðu fólkvangs (1. og 2. viðauki). Í þessum tillögum er lögð áhersla á að Úlfarsársvæðið haldi sínum náttúrulegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Litið er á Hafravatn, Úlfarsá (þ.m.t. Korpúlfsstaðaá) og 150-250 metra belti meðfram ánum sem samfellda náttúrufræðilega heild. Þarna er lögð áhersla á sambandið milli árinna, árbakkans, votlendisins og annarra gróðurlenda

og landslagsins næst ánni og tengslunum við fuglalíf m.t.t. varpstaða, uppeldistöðva unga og fæðuöflunar svæða. Eins og fram hefur komið er náttúrfar svæðisins afar fjölbreytt og enn mikið til óspillt.

Úlfarsá flæðir yfir bakka sína í leysingum og fer þá yfir allstórt svæði. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að áin fái að halda þessu háttalagi þ.e.a.s. að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem breyta rennsli árinna. Nauðsynlegt er að huga að þessu við skipulag.

Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið á svæðinu ef rétt er á málum haldið t.d. fylla upp í skurði og taka niður girðingar. Með góðu skipulagi má koma í veg fyrir mistök og skemmdir á lífríki þessa svæðis og umhverfisslys eins og upp hafa komið í Elliðaárdalnum t.d. þegar klórmengað vatn úr sundlaug Árbæjar rann í Elliðárna.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að það sem hefur einkum staðið Elliðaárdalnum fyrir þrifum sem útivistarsvæði um all langan tíma er hávaðamengun og loftmengun frá umferðinni á Reykjanesbraut milli Stekkjarbakka og Ártúnsbrekku. Einnig eru í dalnum ýmiskonar mannvirki svo sem hús, vegir og brýr sem ekki hafa verið hannaðir eða valinn staður með tilliti til nýtingar svæðisins sem útivistarsvæðis. Affallsvatni úr götum í nágrenni dalsins hefur verið veitt í árna. Laxastofn Elliðaáanna hefur átt erfitt uppdráttar vegna sjúkdóma sem rekja má til mengunar (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998).

6 NIÐURSTAÐA

Vegir og mislæg gatnamót svo að segja á bökkum Úlfarsár bjóða upp á hávaðamengun, loftmengun og sjónmengun.

Rétt er að ítreka að allar hugmyndir sem komið hafa fram um nýtingu svæðisins við Úlfarsá byggja á því að áin frá upptökum til ósa og árbakkarnir allt að 150-250 m út frá ánni verði nýtt sem friðland til útivistar.

Áætlaðar vegaframkvæmdir, tilheyrandi vegrampar og tengingar eru í allt að 50 m fjarlægð frá ánni. Þessar framkvæmdir eru í andstöðu við ofangreindar tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands til Reykjavíkurborgar um nýtingu svæðisins til útivistar í friðsælli náttúru. Þær eru líka í mótsögn við náttúruverndargildi svæðisins eins og það er metið í Náttúruminjaskrá. Einnig eru þær í andstöðu við þá stefnu borgaryfirvalda sem fram kemur á bls. 100 í Aðaskipulagi en þar er stefnt að því að vinna skipulag fyrir Úlfarsárdal með friðland og almennt útivistarsvæði í huga.

Tilgangur með fjórum settjörnum er að skilja frá olú, óhreinindi, mengað affallsvatn og eiturefni, t.d. þungmálma. Og því má spyrja hvort þess konar mannvirki eigi heima á útivistarsvæði. Settjarnirnar gætu hugsanlega reynst dauðagildra fyrir fugla þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að olúbrák á vatninu setjist í fiður þeirra. Botnfeldir þungmálmar eru einnig hættulegir öllu lífi í tjörnnum, bæði gróðri og smádýrum og þeim fuglum sem þar halda til vegna fæðuöflunar. Nauðsynlegt er að kanna sérstaklega hvort og þá hvernig þungmálmar berast úr slíkum tjörnum út í fæðukeðjuna. Einnig þarf að kanna möguleika á flóðum sem skoluðu ef til vill menguðu innihaldi tjarnanna beint út í Úlfarsá eða jarðveginn.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að áætluð vegagerð og settjarnir svo nálægt Úlfarsá samrýmist vart stefnu Reykjavíkurborgar í verndun náttúru og mannvistarminja sem fram kemur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir gegn því að áætlaður vegur eða önnur mannvirki sem fylgja veglagningunni þrengi of mikið að ánni og telur að það muni spilla mjög fyrir nýtingu svæðisins sem útivistar- og náttúruverndarsvæðis. Því er lagt til að mannvirki verði hvergi staðsett nær ánni en 150 m. Náttúrufræðistofnun Íslands setur einnig fyrirvara um staðsetningu settjarna þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um mengunar-hættu af völdum þeirra, t.d fyrir fuglalíf og gróður.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að borgaryfirvöld móti skýra stefnu um framtíð Úlfarsársvæðisins til langs tíma og taki þar mið af hagsmunum þess sem útivistarsvæðis í villtri náttúru eins og Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 gerir ráð fyrir, sbr. bls. 5 hér að framan. Sú ákvörðun mun skipta miklu máli fyrir væntanlega íbúa í nágrenninu og alla aðra sem munu nýta Úlfarsársvæðið til útivistar.

7 HEIMILDIR

Aðalskipulag Reykjavíkur 1996–2016. 1997. 187 bls.

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík 2000. Hringvegur. Gatnamót við Víkurveg. Mislæg gatnamót og tengingar. Forhönnun. Greinargerð. 29 bls.

Kristbjörn Egilsson, ritstjóri, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðalönd. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Náttúrufræðistofnun Íslands. 60 bls.

Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson og Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. Náttúrufar með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-99009. 73 bls. og gróðurkort.

Náttúruminjaskrá 1984. 4. útg. Reykjavík. Náttúruverndarráð. 32 bls.

Náttúruminjaskrá 1996. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 7. útg. Reykjavík. Náttúruverndarráð. 64 bls.

Náttúruverndarráð 1981. Höfuðborgarsvæðið. Náttúruvernd. Fjölrit nr. 13. 36 bls.

Reykjavíkurborg 2000. Hringvegur. Mislæg gatnamót Hringvegar og Víkurvegar ásamt Reynisvatnsvegi. Tillaga að matsáætlun. 7 bls. Kort.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998. Búsvæði laxfiska í Elliðaám. Framvinduskýrsla í lífríkisrannsóknnum. Veiðimálastofnun. VMST-R/98001. 16 bls.

8 VIÐAUKAR

1. viðauki. Úlfarsá austan Vesturlandsvegur

Úr skýrslunni: Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðalönd. (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996).

ÚLFARSÁ AUSTAN VESTURLANDSVEGAR

Úlfarsá á upptök í Hafravatni og fellur í mörgum sveigum og bugðum til vesturs sunnan undir Úlfarsfelli. Hún er um 5 km löng. Við Vesturlandsveg skiptir hún um nafn, kallast eftir það stundum Korpúlfsstaðaá og fellur til sjávar í Blikastaðakró. Áin norðan vegar er um 4 km löng. Vatnasviðið er um 48 km², meðalrennsli um miðbik ár 1,55 m³/s (32 l/s/km²). Rennslið er mest í febrúar og mars en minnst í júní og júlí (Almenna verkfræðistofan 1994).

Farvegur árinna er mjög breytilegur, flúðir og fossar; grunnur, breiður og lygn; afar mjór og djúpur o.s.frv. Helstu fossar eru Úlfarsárfoss í landi Fellsmúla, Fossaleyfisfossar undir Keldnaholti og Króarfoss við ósinn, en fleiri fossar eru neðst í ánni þar sem fall hennar er mest og flúðir flestar. Farvegi Úlfarsár hefur ekki verið raskað á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Neðan Vesturlandsvegur (ofan Fossaleyfisfossa) er stífla Áburðarverksmiðjunnar vegna vatnstöku. Mikið lýti er af stíflunni og truflar það umgengni um árbakkann. Áburðarverksmiðjan hefur einnig sett loku í útfallið úr Hafravatni og stjórnar hún því rennsli árinna að nokkru leyti.

Ofan þjóðvegur er víða mýrlendi meðfram ánni og eru þessar mýrar helstar taldar frá Hafravatni: Mómýri, Forarmýri, Skurðamýri, Grátholtsmýri, „Úlfarsarmýri“ og Tjarnengi. Neðan Vesturlandsvegur er umhverfið mun þurrlendara, helstu mýrablettirnir eru Fossalegnir neðan samnefndra fossa og kringum Korpúbæinn.

Dalurinn sem áin fellur um ofan Vesturlandsvegur er nafnlaus á öllum nýlegum kortum. Fyrir á þessari öld bregður hins vegar fyrir nafninu Úlfarsárdalur (Björn Bjarnarson 1936) og leggjum við til að þetta heiti verði fest í sessi.

Mýrarnar í Úlfarsárdal hafa flestar verið ræstar fram. Efsta mýrin, Mómýri, sem tilheyrir að hluta Mosfellsbæ, er framræst hallamýri, en þar er þó töluvert fuglalíf. Norðaustan í Reynisvatnsási er Skurðamýri og gegnt henni norðan ár er Forarmýri í landi jarðanna Fellsenda og Úlfarsfells. Þetta eru fallegustu og ósnortnustu mýrarnar við ána. Reyndar hefur verið grafið í Forarmýri, en hún er mjög blaut og erfitt er að ræsa hana fram. Mýrin er aftur á móti nauðbitin af hrossum og hross voru í Skurðamýri. Grátholtsmýri, „Úlfarsarmýri“ og Tjarnengi hafa verið ræst fram, en nokkrir gróskulegir mýrablettir eru þó á þessu svæði, t.d. við Grátholtslæk.

5.1 Jarðfræði við Úlfarsá

Berggrunnur Úlfarsfells og svæðanna næst því, niður að Úlfarsá, er nokkuð annars eðlis en í Klapparholti (Norðlingaholti) og Austurheiði. Jarðlögin í Úlfarsfelli eru um tveggja milljón ára

gömul (Leó Kristjánsson o.fl. 1991). Í staflanum skiptast á hraunlagasyrpur og móbergs- og jökulbergslög.

Hraunlagasyrurnar hafa myndast á hlýskeiðum en móbergið og jökulbergslögin á jökulskeiðum. Staflanum í Hamrahlíðarlöndum má skipta í nokkrar aðgreindar syrpur (5. mynd). Neðst við Úlfarsá gegnt Korpúlfsstöðum er hraunasyrpa og ber þar mest á svonefndu dyngjubasalti en það myndast við eldgos á svipaðan hátt og í Skjaldbreið eða Trölladyngju. Ofan við það tekur við þykk móbergssyrpa sem sést vel í Lágafelli í Mosfellssveit og liggur í suðvestur og þynnist.

Ekki sést í móbergið í Hamrahlíðarlögunum en það liggur skammt neðan Vesturlandsvegur. Ofan við móbergið er hraunasyrpa allþykk sem myndar undirhlíðar Harmahlíðarinnar og bekkinn sem Leirtjörn er á allt niður undir Vesturlandsveg. Hraunlögin í þessari syrpu eru yfirleitt mjög þunn og mynda hraunbeltin í Hamrahlíðinni. Ofan á henni er þykkt jökulbergslag sem sést vel efst í Hamrahlíðinni norðanmegin. Efst í Hamrahlíðarlöndum er allþykk syrpa af tiltölulega þykkum hraunum sem sjást suðvestanhallt og efst í Hamrahlíðinni og liggja þaðan niður til suðvesturs og mynda bekkinn upp af Leirtjörn. Hluti af þessari síðastnefndu syrpu stallast niður við misgengi og liggur efst í bekknum sem Leirtjörn er á.

Nokkur misgengi eru í Hamrahlíðarlöndum (6. mynd) og má skipta þeim í tvo flokka. Annars vegar eru misgengi sem stefna NA-SV og hins vegar misgengi sem stefna N-S. Sum þessara misgengja eru vafalítið tengd misgengjum í Austurheiði. Á þeim er þó sá munur að misgengin í Hamrahlíðarlöndum sýna mun meiri færslu. Þetta stafar vafalítið af því að þessi misgengi eru virk í mörg þúsund ár eða tugþúsundir ára. Því má búast við meiri færslu þar sem þau skera eldri berggrunn. Ekki verður séð á þessum misgengjum að þau hafi hreyfst nýlega, á jarðfræðilegan mælikvarða, þó ekki sé hægt að útiloka það.

5.2 Gróðurfar við Úlfarsá

Á gróðarkorti sést að beggja megin árinna er víða votlendi einkum mýri og jaðar (deiglendi) sem nær undantekningalaust hefur verið ræst fram. Einnig finnast þar graslendi, tún, mólendi á litlum blettum, melar og flög.

Gengið var upp með ánni frá Vesturlandsvegi. Þar fellur áin um votlendi og jaðarsvæði sem hafa verið framræst. Þar eru nú tún sem eru nýtt til hrossabeitar en sumstaðar hefur landið einungis verið látið þorna en ekki bylt í tún. Í túnunum vaxa hálíngresi, tíulíngresi, túnsúra, túnfíflar, brennisóley, skarífífill, vegarfi, vallhumall, vallhæra, snarrótarpuntur og lokasjóður. Í skurðunum eru aftur á móti tegundir sem flestar hafa áður dafnað í mýrinni t.d. mýrastör, klóffifa, fergin, dvergsóley, mýradúnurt ásamt mýrasóley, lækjasefi, naflagrasi og vætudúnurt.

Víða má finna flög þar sem vaxa mýrasauðlaukur, mýrasóley, flagasóley, naflagras, hnúskakrækill, axhæra, mýradúnurt, hrafnaklukka, skriðlíngresi, klóelfting, flagahnoðri, blómsef, skammkrækill, lyfjagras, skurfa og hundasúra. Á þessum slóðum eru árbakkarnir háir og grónir. Áin sjálf er djúp og tær, straumur þungur og botninn allvel gróinn þráðnykru, síkjamara, vatnsliðagrasi og laugabrúðu.

Stuttu ofar er lítill vogur. Þar er svæðið næst ánni á kafla vaxið mýragróðri; mýrelftingu, klóffifu, gulstör, engjarós, hálmgresi, vatnsnál, hrafnaklukku, mýrfjólu, mýradúnurt og tágamuru. Mikið

af laugabréðu er úti í lygnum á voginum. Lengra frá ánni eru skurðir í votlendinu. Þar sem hrossabeit er minni má víða sjá að gulvíðir og loðvíðir eru að teygja sig upp úr gróðursverðinum.

Móts við býlið Úlfarsá, sunnan ár, er allmikið flatlendi sem grafinn hefur verið skurður gegnum. Þarna hefur verið mýrastaramýri og er hún ennþá ríkjandi á köflum, en snarrótarpuntur nokkuð víða kominn inn á svæðið. Í skurðinum er gróskuleg klófífa og fergin. Á þessum slóðum er áin grunn, straumlétt og hjalandi og í henni lágir hólmar. Ofan og austan við votlendið er mólendi í jaðri Grátholts. Það er vaxið melagróðri og víða berangurslegt, í raun skemmtileg andstæða við votlendið og graslendið neðar með ánni. Á stöku stað má finna litlar birkiplöntur sem virðast vera sjálfsánar.

Áin rennur fast upp við Grátholt norðanvert á kafla. Þar er stór hólmi í ánni, vaxinn graslendi með snarrótarpunti, grávíði, tágamuru, gulmöðru, mjaðurt, brennisóley, vegarfa, skariffli, gullbrá, vallhæru, kornsúru o.fl. Sunnan við ána er hinsvegar votlendi með nokkrum uppsprettum og litlum lækjum, en á milli er stórgrýtt mosapemba. Einkar snoturt svæði.

Úlfarsárfoss er í raun þrjár flúðir. Við fossinn er stórgrýtt og grjótið vaxið fléttum og mosum. Stórgerðir slæðingar eins og vætudúnurt og alaskalúpína eru byrjaðar að nema land við fossinn og í fossbrúninni. Ofan við fossinn er áin fremur grunn og stórgrýtt, bakkar allir grónir og í árbotninum vex ármosi (*Fontinalis antipyretica*).

Ofan við fossinn einkennist landið beggja megin ár af votlendi. Mjór skurður liggur eftir mýrinni endilangri sunnan ár, og þar voru um 50 hross á beit og mýrin eftir því snarbitin og illa útlítandi. Vegna beitarinnar er votlendið heldur nóturlegt að sjá á köflum, en við friðun nær það sér fljótt upp.

Gróðurinn þarna einkennist af þýfðri mýrastaramýri. Allmikið er af klófífu, engjarós, horblöðku, vetrarkvíðastör, hengistör, gulvíði, grávíði, bláberjalyngi, krækilyngi, hálmgresi og fjalldrapi er á blettum. Svipað gróðurfar er á öllu svæðinu að landamerkjum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Votlendið austan við bæjarmörkin er hins vegar hallamýri sem hefur verið ræst fram með skurðaneti. Þar eru fífuflóar, annars staðar tjarnastör, mjaðurt, loðvíðir og fjalldalafífill. Sumstaðar eru snarrót, eða engjarós og hálmgresi áberandi.

Við útfall Úlfarsár úr Hafravatni er grjóteyri. Þar hefur verið sáð til alaskalúpínu fyrir all nokkru og hefur hún þegar myndað breiðu. Ljóst er að þarna eru upptök þeirra stöku lúpínuplantna sem fundust meðfram ánni, sú neðsta var við Úlfarsárfoss. Því má ætla að tegundin mun dreifast niður með ánni allt til sjávar á tiltölulega stuttum tíma.

5.3 Fuglar við Úlfarsá

Fylgst hefur verið reglulega með fuglum í neðanverðum Úlfarsárdal síðan í nóvember 1991 og fram til þessa dags (áramót 1995-96) af einum höfundu (JÓH). Umrætt svæði er Úlfarsá frá Lambhaga/Engi skammt niður fyrir brú á Vesturlandsvegi, svo og Lambhagahverfi og nánasta umhverfi sunnan Hafravatnsvegar.

Í júlí 1994 voru allir fuglar taldir á og meðfram ánni frá Hafravatni að Vesturlandsvegi. Í júní og júlí 1995 voru fuglar taldir tvisvar sinnum í tengslum við þessa könnun, frá upptökum til ósa. Í

Þessum talningum voru allir fuglar taldir á ánni og á um 200-300 m breiðu beltum beggja megin árinna (6. viðauki).

Fuglar hafa verið taldir þrisvar að vetrarlagi (byrjun janúar 1994-96) á Úlfarsá og Korpúlfsstaðaá, þ.e. frá Úlfarsárþæ að ósi. Þessar talningar voru hluti af miðsvetrar-talningum Náttúrufræðistofnunnar Íslands. Mjög lítið hefur birst á prenti um lífríki Úlfarsár. Sagt er frá einni athugun við ofanverða ána í júní 1984 í Innnesjaskýrslunni

4. tafla. Fuglategundir sem skráðar hafa verið við Úlfarsá (alls 51)

Himbrimi	Sjaldgæfur gestur
Fýll	Vor- og sumargestur
Gráhegri	Óreglulegur vetrargestur
Álft	Algengur gestur, aðallega á vorin
Grágæs	Algengur varpfugl og vetrargestur
Helsingi	Sjaldgæfur gestur
Rauðhöfði	Fremur sjaldséður, hefur e.t.v. orpið
Urtönd	Algengur varpfugl og vetrargestur
Stökkönd	Mjög algengur varpfugl og vetrargestur
Skúfönd	Strjáll varpfugl og sjaldgæfur vetrargestur
Duggönd	Fremur strjáll varpfugl
Æður	Algengur varpfugl og sumargestur
Straumönd	Sjaldgæfur gestur
Toppönd	Strjáll varpfugl og sumargestur, sjaldgæf á veturna
Gulönd	Algengur vetrargestur
Smyrill	Sést frá hausti fram á vor, algengastur á haustin
Fálki	Sjaldséður vetrargestur
Rjúpa	Algengur staðfugl, mest áberandi á haustin
Tjaldur	Algengur varpfugl
Sandlóa	Algengur varpfugl
Heiðlóa	Mjög algengur varpfugl
Vepja	Sjaldgæfur flækingur
Sendlingur	Sjaldgæfur sumargestur
Lóupræll	Algengur varpfugl
Hrossagaukur	Mjög algengur varpfugl, sjaldséður vetrargestur
Jaðrakan	Strjáll varpfugl
Spói	Mjög algengur varpfugl
Stelkur	Mjög algengur varpfugl
Óðinshani	Strjáll varpfugl og sumargestur
Kjói	Sumargestur
Hettumáfur	Sumargestur, fyrrum varpfugl og verpur e.t.v. enn
Stormmáfur	Strjáll varpfugl
Sílamáfur	Algengur varpfugl
Silfuramáfur	Sjaldgæfur gestur
Hvítamáfur	Sjaldgæfur gestur
Svartbakur	Sjaldgæfur gestur
Kría	Algengur varpfugl
Húsdúfa	Sjaldséð við efri hluta ár heldur til við Korpúlfsstaði
Brandugla	Sjaldgæfur gestur
Landsvala	Sjaldgæfur flækingur
Þúfutittlingur	Mjög algengur varpfugl
Mariuerla	Strjáll varpfugl
Músarrindill	Fremur sjaldséður haust- og vetrargestur

Steindepill	Strjáll varpfugl og síðsumarsgestur
Skógarþröstur	Algengur varpfugl og haustgestur, en sjaldséður að vetrarlagi
Hrafn	Aðallega vetrargestur, en sést þó vor og haust
Stari	Algengur staðfugl
Krossnefur	Sjaldgæfur flækingur
Auðnutittlingur	Algengur gestur, óreglulegur varpfugl
Sportittlingur	Sjaldgæfur flækingur
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur

(Ævar Petersen 1985). Auk framantaldra upplýsinga verða hér nefndar athuganir frá Hafberg Þórisssyni, Lambhaga (HP), Aðalheiði Svanhildardóttur og Arnviði Snorrasyni, Stekki, Ólafi Karli Nielsen, Náttúrufræðistofnun og fáeinum öðrum.

Fuglalíf við Úlfarsá er fjölskrúðugt og hafa yfir 50 tegundir verið skráðar. Þar af eru 25 reglulegir varpfuglar en 4 óvissir eða stopulir. Um 12 tegundir eru árvissir vetrargestir (4. tafla og 7. viðauki). Andfuglar setja mestan svip á fánuna allt árið, en á sumrin bætast mófuglar, máfar og kría við. Hér verður helstu einkennum fuglalífs við Úlfarsá lýst. Nánari upplýsingar um einstakar tegundir er að finna í 7. viðauka.

Sumar (varpfuglar). Grágæs er algengur varpfugl í Úlfarsárdal, nærri 30 pör verpa næst ánni, en hún verpur lítið neðan Vesturlandsvegar. Stökkönd og urtönd eru algengustu endurnar. Um 40 stökkendur verpa jafndreift með ánni, en 15-20 urtandahjón og er meira af urtöndum ofan Vesturlandsvegar. Æðurin er og algeng, hátt í 20 kollur verpa dreift við Korpúlfsstaðaá, en varp ofan Vesturlandsvegar hefur ekki verið staðfest þó fuglar sjáist allt upp undir Úlfarsárba. Skúfönd, duggönd og toppönd eru sjaldgæfari, 1-5 varppör af hverri tegund og er duggöndin algengust. Duggönd og skúfönd sjást svo til eingöngu frá Hafravatni að þjóðvegi, en toppöndin einnig neðan hans.

Til mófugla teljast rjúpa, vaðfuglar og nokkrar spörfuglategundir. Algengustu mófuglarnir eru heiðlóa, hrossagaukur, spói, stelkur og þúfutittlingur. Milli 20 og 30 hjón af hverri tegund verpa við ána, en sennilega meira af þúfutittlingum. Aðrar algengar tegundir (um eða yfir 10 pör) eru tjaldur, sandlóa, lóupræll og skógarþröstur. Minna er af jaðrakan, óðinshana, steindepli og maríuerlu. Rjúpur verpa á holtum og ásum umhverfis ána og ná óðul karranna stundum niður á árbakkann.

Sílamáfur er algengastur máfa, en varpið er lítið við Úlfarsá, aðeins um 20 pör. Eitt til þrjú stormmáfshjón verpa árlega við ofanverða ána, en stormmáfur er sjaldgæfastur þeirra máfa sem verpa hérlendis. Hettumáfar urpu á árum áður við ána hjá Úlfarsfelli en varpið var liðið undir lok fyrir 1984 (Ævar Petersen 1985). Á undanförunum árum hafa þó sést fuglar með varpatferli á þessum slóðum, svo e.t.v. kunna fáeinir fuglar að verpa þar stopult enn. Kría er algeng og verpur í nokkrum litlum vörpum dreift meðfram ánni, alls a.m.k. 60 pör.

Aðrir varpfuglar á athugunarsvæðinu eru stari, sem verpur í húsum nærri ánni og sést oft við hana. Tveir náttstaðir stara eru við eða nærri ánni. Skógarþröstur er algengur í gördum og trjálundum en auðnutittlingur stopull varpfugl í sama kjörlendi. Fýll, álf og kjói eru reglulegir vor- og sumargestir.

Vetur. Á veturna er talsvert fuglalíf á ánni þegar ísalög hamla ekki. Allmikið linda- og kaldavermslasvæði er við Lambhaga og Engi og leggur ána sjaldan á þeim slóðum. Þar er helsti dvalarstaður andfugla á veturna. Stökkönd, urtönd og gulönd eru reglulegir vetrargestir, stökkendur geta skipt tugum en minna er af hinum öndunum. Grágæs sést oft en álft og toppönd eru sjaldgæfari. Annað lindasvæði er í Mómýri í landi Óskots, en fuglalíf þar hefur lítið verið kannað.

Snjótittlingur, stari og hrafn eru algengir á veturna. Rjúpur halda til í Úlfarsfelli en sjást líka í görðum og trjálundum við ána. Hrossagaukar sjást stundum í volgu afrennsli. Loks má geta músarrindils, skógarþrastar og auðnutittlings.

5.4 Annað dýralíf við Úlfarsá

Minkamergð er mikil við ána og lifir minkurinn einkum á fiski og fugli. M.a. er vitað til að minkur hafi tekið stálpaðan grágæsarunga. Haustið 1995 kom það mjög á óvart að önnur aðalafföll rjúpu (næst á eftir veiðum) í Úlfarsfelli og nágrenni ár eru af völdum minks. Þá setti Ólafur Karl Nielsen (munnl. uppl.) senditæki á 24 rjúpur í Úlfarsfelli. Fjórtán þeirra fundust dauðar, þ.a. 7 af völdum minka, fálki drap 3 og 8 voru skotnar. Minkadrepnar rjúpur fundust meira að segja í hliðum Úlfarsfells og sést hefur til minks í sílamáfavarpinu á Lambhagamelum.

Hagamýs eru útbreiddar um allt svæðið, frá fjöru til fjalls og húsamýs eru í hrbýlum. Í þessari skýrslu verður ekki fjallað um lax og silung í ánni þar sem Veiðimálastofnun hefur rannsakað þá þætti um árabíl. Bitmý er í ánni frá upptökum til ósa.

5.5 Náttúruvernd og athyglisverðir staðir við Úlfarsá

Úlfarsársvæðið ofan Vesturlandsvegur er í raun dalbotn. Lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda samfellda heild. Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1990-2010 fellur sá hluti dalbotnsins sem er í landi Reykjavíkur undir Borgarvernd. Landið næst ánni að norðanverðu, og u.þ.b. 500 m langur kafli næst Hafravatni, en það er í landi Mosfellsbæjar, er hins vegar ætlað til landbúnaðar á skipulagi. Þetta sýnir að mismunandi áherslur eru á landnýtingu þessara sveitarfélaga. Líklegt er að svæðið hafi ekki fengið umfjöllun nýlega í Mosfellsbæ vegna þess að þetta land er fjarri aðalbyggð Mosfellsbæjar og því ekki víst að hugur þeirra til svæðisins sé sá sami nú og fram kemur í skipulaginu. Sjálfsagt og nauðsynlegt er að allt þetta svæði falli undir samskonar skipulag. Má í því sambandi minna á þau vandræði sem hlutust af ólíku skipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar í Fossvogsdal.

Náttúruverndarráð hefur sett Úlfarsá frá upptökum til ósa í Blikastaðakró, á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1991) ásamt 200 m breiðum bakka beggja megin árinna.

Samkvæmt Aðalskipulagi 1990-2010 er gert ráð fyrir íbúðabyggð sunnan við Úlfarsá í Grafarholti og eins á svæði milli Reynisvatns og Langavatns. Líklegt er að byggð verði einnig skipulögð á öllu svæðinu sunnan og vestan við Úlfarsfell. Hér verður því í framtíðinni byggt upp hverfi fyrir 20-40 þúsund íbúa. Þeir þurfa sín útivistarsvæði og hér er tækifæri að skipuleggja þau meðfram ánni. Hlutverk Úlfarsár í framtíðinni verður því síst minna en Elliðaáanna sem náttúruskart í miðju þéttbýli.

Lagt er til að svæðið verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs (sjá 7. mynd). Lögð er áhersla að svæðið fái að halda sínum náttúrulegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Líta verður á Hafravatn, Úlfarsá, (þ.m.t. Korpúlfsstaðaá) og 150-250 metra belti meðfram ánum sem samfellda náttúrufarslega heild. Þarna þarf að huga að tengslum milli árinna, árbakkans, votlendisins og annarra gróðurlenda og landslagsins næst ánni. Þó að hér sé vegna aðstæðna, einungis fjallað ítarlega um hluta þessa lífríkis þ.e. Úlfarsársvæðið, nema hvað umfjöllun um fugla nær til árinna frá upptökum til ósa. Eins og fram hefur komið er náttúrufræðisins afar fjölbreytt og mikið til óspillt. Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið ef rétt er á málum haldið. Með góðu skipulagi má koma í veg fyrir mistök og skemmdir á lífríki þessa svæðis og umhverfisslys eins og orðið hafa í Elliðaárdalnum að undanförunu.

Fjölbreytt lífríki sem felst í landslagi, ánni, árbakkanum, gróðurfari og fuglalífi gera svæðið þýðingarmikið til útivistar. Þýðingin felst m.a. í því að það er steinsnar frá væntanlegri byggð. Í raun er hér alveg einstakt tækifæri til að skipuleggja nýja byggð í sátt við óspillta náttúru þannig að náttúrufræðis þessa svæðis geti þróast á eðlilegan hátt lífríkinu til framdráttar og íbúum til ómældrar fræðslu og ánægju.

Áin og vatnasvæði hennar er afar viðkvæmt á margan hátt. Hér á eftir verður bent á nokkra þætti sem þurfa að hafa forgang til að unnt verði að ná fram markmiðum fólkvangs.

- Koma þarf í veg fyrir áburðarmengun frá gördum væntanlegrar byggðar. Þetta á bæði við um áhrif hennar á villtan gróður og árvatnið. Auk þess verður að leysa þann vanda sem verður vegna afrennslis mengaðs yfirborðsvatns frá götum sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki árinna t.d. olía og eiturefni.
- Beina þarf umferð frá þéttum fuglabyggðum á varptíma, t.d. með því að láta göngustíga sveigja hjá slíkum stöðum.
- Æskilegt er að halda mink í skefjum vegna fiska og fugla.
- Plöntur í ræktun geta við ákveðin skilyrði náð fótfestu utan við garða, þetta á t.d. við um lúpínu. Vökul augu þurfa að fylgjast með að slíkar plöntur nái ekki yfirhöndinni á þeim svæðum sem hafa verið skipulögð sem náttúruleg svæði.
- Koma þarf á fastri skipan göngustíga. Leggja þarf göngu- og hjólastíga sem falla vel að landslagi og opna á þann hátt landið fyrir borgarþjófum. Fjarlægja þarf girðingar og brúa skurði. Hugsa þarf að því að stígarnir raski ekki náttúrulegu umhverfi um of. Við skipulag stíganna þarf að hafa í huga að takmarka þarf tímabundið umferð manna um afmörkuð svæði t.d. vegna fuglavarps.
- Leggja skal áherslu á villtan gróður næst ánni en láta ræktunina njóta sín í byggða landinu.
- Hluta þess votlendis sem ræst hefir verið fram má með tiltölulega litlum tilkostnaði færa til fyrra ástands með því að fylla í skurði. Takmarka þarf og skipuleggja hrossabeitina. Hrossabeit sem gengur of nærri gróðri á ekki heima í borgarlandinu. Forarmýri og Skurðamýri eru dæmi um mýrar sem eiga að fá að dafna á eigin forsendum án beitar og framræslu.

- Úlfarsá flæðir yfir bakka sína í leysingum og fer þá yfir allstórt svæði. Lagt er til að áin fái að halda þessu háttalagi þ.e.a.s. að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem breyta rennsli árinna. Nauðsynlegt er að huga að þessu við skipulag.
- Úlfarsá skiptir löndum milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Nauðsynlegt er að fulltrúar þessara sveitarfélaga ræði saman um það hvernig best verði fyrirkomið skipulagi beggja megin árinna. Einungis með samvinnu verður hægt að vernda þetta mikilvæga vatnakerfi í nánd við byggð.

Umhengni. Girðingar hefta mjög umhengni um árbakkann. Sumar liggja þvert yfir ána, en slíkt er óheimilt samkvæmt 20 gr. laga um náttúruvernd (stj.tíð, nr.47/1971). Sumarið 1995 voru alls 12 girðingar sem lágu þvert yfir ána (7 ofan og 5 neðan þjóðvegur) og 6 til viðbótar sem lágu alveg fram á blábakkann. Auk þessa eru girðingar tengdar vatnstökustíflu Áburðarverksmiðjunnar.

Flestar girðingar eru annað hvort landamerkjagirðingar eða afmarka beitarhólf fyrir hross. Tugir hrossa eru á beit meðfram áni, mest í mýrunum ofan Vesturlandsvegur og eru sumar þeirra nauðbitnar. Hrossin hafa auk þess truflandi áhrif á fuglalíf.

2. viðauki. Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur

Úr skýrslunni: Náttúrufar með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1999).

ÚLFARSÁ NEÐAN VESTURLANDSVEGAR

Úlfarsá á upptök í Hafravatni og fellur í mörgum sveigum og bugðum til vesturs, sunnan undir Úlfarsfelli. Hún er um 9 km löng. Við Vesturlandsveg skiptir áin um nafn og kallast eftir það stundum Korpúlfsstaðaá eða Korpa. Áin neðan vegar er um 4 km löng. Vatnasviðið er um 48 km², meðalrennsli um miðbik ár 1,55 m³/s (32l/s/km²). Rennslið er mest í febrúar og mars en minnst í júní og júlí (Almenna verkfræðistofan 1994).

Fjallað var um Úlfarsá ofan (austan) Vesturlandsvegur í skýrslunni um náttúrufar í Austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Hér verður sagt frá náttúrufari meðfram ánni frá Vesturlandsvegi að ósi í Blikastaðakró.

Úlfarsá fellur í ótal bugðum og sveigum til sjávar. Hún er yfirleitt 10–20 metra breið, tær og aldrei mjög straumþung. Víða eru fossar og flúðir. Fossaleynisfossar eru undir Keldnaholti og Króarfoss við ósinn. Fleiri fossar eru neðst í ánni þar sem fall hennar er mest og flúðir flestar. Árbakkarnir eru yfirleitt ríkulega grónir.

Ofan við Fossaleynisfossa er stífla vegna vatnstöku Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og ofan hennar er dálítið lón.

4.1 Jarðfræði við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur

Jarðfræði svæðisins einkennist af jarðlagastafla frá því um miðbik ísaldar, eða um tveggja milljón ára gömlum. Í staflanum skiptast á hraunlög og setlög. Einkum ber þar nokkuð á völubergslögum en opnur í berggrunninn eru ekki samfelldar. Skipta má jarðlögunum á þessu svæði í tvennt. Annars vegar allþykka syrpu af þykkum apalhraunum sem nefnist Korpúlfsstaða-þóleiít og eru neðstu lögin sjáanleg í Rauðabás. Þessi hraun eru 8 til 10 talsins og samtals tæplega 100 m þykk og öll öfugt segulmögnuð. Undir syrpu er 3–5 m þykkt völubergslag sem ber merki um jöklun. Hins vegar eru helluhraun, Korpu-ólivínþóleiít, sem eru næst Úlfarsá og eru þau yngri en Korpúlfsstaðasyrpan. Það er syrpa af öfugt segulmögnuðum dyngjuhraunum sem eru samtals um 50 m þykk og ná upp undir Vesturlandsveg.

Leirvogshólmi er af allt öðrum toga. Hann er leifar af hlýskeyðshrauni (grágrýti) sem runnið hefur ofan af Mosfellsheiði, líklega um skarðið milli Úlfarsfells og Hafrahlíðar og þaðan niður dalinn hjá Syðri-Reykjum og í sjó fram. Hraun þetta hefur upphaflega verið mun stærra en jöklar ísaldar hafa sorfið það og rofið svo að eftir standa einungis tiltölulega litlir flákar.

4.2 Gróðurfar við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur

Á gróðurkortu af svæðinu (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988) sést að meðfram ánni beggja vegna er graslendi ríkjandi og ræktuð tún. Einnig má finna mólendisblett, mýrasund og jaðarsvæði. Auk þess finnast melar, flög og votlendi á litlum blettum sem ekki er hægt að sýna á gróðurkortu í þessum mælikvarða.

Gengið var niður með ánni vestanverðri frá brúnni á Vesturlandsvegi. Þarna rennur áin í um 10 m breiðum árfarvegi. Straumur er lítill og botninn sléttur. Bakkar lágir en brattir og algrónir. Á stöku stað teygja engjarós og horblaðka sig út í ána. Áberandi tegundir eru mýrastör, hrossanál, fjalldalafífill, brennisóley, klóelfting, maríustakkur, ilmreyr, vallarsveifgras, snarrótarpuntur, hrafnaklukka, hvítmári, ætihvönn, mjaðurt, túnfíflar, kornsúra, lokasjóður, vegarfi og hálmgresi. Á bakkanum á móti er graslendi ríkjandi ásamt víðiplöntum sem mynda brúska hér og þar.

Ofan við bakkann að vestanverðu er mólendi með fjölbreyttum mólendisgróðri. Áberandi eru beitilyng, krækilyng, ljónslappi, gulmaðra, hvítmaðra, blóðberg, holtasóley, melablóm, kattartunga, blávingull, túnvingull, blásveifgras, jakobsfífill, axhæra, vallhæra, grasvíðir, geldingahnappur, lambgras, móasef, ljósberi, krossmaðra, bugðupuntur og vellelfting. Fléttur af ættkvíslunum *Cetraria*, *Cladonia* og *Stereocaulon* eru áberandi ásamt mosanum melagambra. Búið er að gróðursetja birki í svæðið.

Neðan við hús Iðntæknistofnunar er árbakkinn á kafla vaxinn gróskumiklum fjalldalafíflum í bland við mjaðurt og brennisóley. Víða er loðvíðir áberandi á blettum og ætihvönn er sumstaðar. Á austurbakkanum er alaskalúpína í hraðri útbreiðslu.

Ofan við stíflu Áburðarverksmiðjunnar er lítið lón. Í lóninu vex fjallnykra. Bakkar lónsins eru grónir á svipaðan hátt og árbakkarnir fyrir ofan. Alaskalúpína er í útbreiðslu á svæðinu.

Neðan við stífluna í Fossaleynisfossnum eru tveir hólmar, ágætlega grónir. Þar ber mest á mýrelftingu, vallarsveifgrasi, brennisóley, ætihvönn, túnsúru og gulvíði. Neðan við fossana er ákaflega grösugt til að byrja með. Þar ægir saman deiglendistegundum, t.d. mýrelftingu og mýrastör. Mjaðurt nær miklum þroska og kögrar árbakkann en brennisóley vex um allt. Gulvíðir er einnig áberandi ásamt fjalldalafíflum og krossmöðru.

Síðan tekur við blautara svæði, Fossaleynir, þar sem mýrastör er ríkjandi, en snarrótarpuntur og önnur grös dafna þar sem þurrara er og sumstaðar eru mjaðurt og brennisóley ríkjandi. Neðst í þessu votlendissvæði er tjörn algróin af fergini, mýrastör og engjarós.

Við enda mýrarinnar er brú yfir ána. Á þessum slóðum er hún lygn, slétt í botninn og hjalar við bakka. Þráðnykra og síkjamarí vaxa í lygnum í ánni og á nokkrum stöðum vaxa fergin, engjarós, vætuskúfur og horblaðka út í ána og auka mjög á fjölbreytnina. Uppi á bakkanum drottnar mjaðurtin með grasinu og á stöku stað eru breiður af umfedmingsgrasi. Á milli eru blautari blettir þar sem mýrastör og mýrelfting ná sér upp.

Á beygju á ánni neðan við Díla á Korpúlfsstaðatúni er malareyri að gróa upp. Hóffífill er þar áberandi ásamt túnsúru, baldursbrá, alaskalúpínu, klóelftingu, skurfu, brennisóley, njóla, skarífíflum, skriðsóley og hundasúru.

Neðan við Korpúlfsstaðatúnin breytist gróðurfarið meðfram ánni nokkuð á þann hátt að gulstör verður áberandi víða á árbakkanum. Lófótur finnst í skurðum.

Síðan verður aftur breyting þegar komið er norður fyrir hús Tilraunastöðvarinnar á Korpu. Þar liggur girðing þvert yfir ána og komið er í land sem er bitið af hrossum beggja vegna árinna. Nær þetta beitta svæði allt norður að árósi með tveimur undantekningum þar sem eru óbeitt hólf.

Næst Tilraunastöðinni er tegundasamsetningin svipuð og áður, en gróður allur snöggt bitinn næst ánni, en upp frá henni eru melar. Norðar er minna um graslendi meðfram ánni. Landslag breytist. Bratt verður að ánni og landið fær nýjan svip. Gróðurfarið einkennist á köflum meira af melagróðri þar sem finna má tegundir svo sem fjallasveifgras, lógresi, mosajafna, vetrarsteinbrjót og tungljurt.

Víða meðfram ánni beggja vegna, bæði í landi Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar, er landið illa farið af hrossabeit: Stór moldarflög, mikið traðk og snöggbittinn gróður.

4.3 Fuglalíf við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegur

Talsvert fuglalíf er meðfram Úlfarsá ofan (austan) Vesturlandsvegur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Þar verpa m.a. nokkrar andartegundir og lítils háttar æðarvarp er við uppistöðulón Áburðarverksmiðjunnar. Mjög hefur verið gengið á landið meðfram ánni og munar þar mest um golfvöllinn. Mófuglar eru á undanhaldi og erfitt er að komast óhultur meðfram árbakkanum á löngu svæði vegna skæðadrífu af golfkúlum.

Fylgst hefur verið reglulega með fuglum í neðanverðum Úlfarsárdal í átta ár, frá því í nóvember 1991 fram til þessa dags (maí 1999), af einum höfunda (JÓH). Umfjöllunin hér tekur þó aðeins til athugana fram í nóvember 1997. Umrætt svæði er Úlfarsá frá Lambhaga/Engi skammt niður fyrir brú á þjóðvegi. Í júní og júlí 1995 voru allir fuglar taldir frá upptökum til ósa í tengslum við könnun á náttúruferi í austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Í þessum talningum voru allir fuglar taldir á ánni og um 200–300 m breiðu beltinu sitt hvoru megin ár (sjá 3. viðauka).

Árið 1997 var fylgst sérstaklega með fuglalífi á Úlfarsá frá Vesturlandsvegi að stíflulóni ofan Fossaleynisfossa og stundum niður fyrir fossana. Þetta svæði var skoðað að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku alla mánuði ársins. Sex sinnum hefur verið talið á ánni frá Úlfarsárbæ að ósi um áramót, 1993/94–1998/99. Þessar talningar voru hluti af vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Það skal ítrekað hér að áin er ein líffræðileg heild og því eðlilegt að fjalla um hana í einu lagi, hvað sem líður hreppamörkum og öðrum línunum sem menn kunna að draga.

Úlfarsá er lindá sem fellur úr Hafravatni, en lífríkustu ár landsins eru einmitt þess háttar ár, t.d. Laxá úr Mývatni, Sog úr Þingvallavatni og Bugða úr Meðalfellsvatni. Fuglalíf árinna er fjölskrúðugt og eru 45 fuglategundir skráðar. Þar af er um 21 tegund árviss sem varpfugl og þrjár til viðbótar óreglulegir varpfuglar. A.m.k. 13 tegundir eru árvissir vetrargestir (8. tafla; 4. viðauki). Andfuglar (álft, grágæs og endur), mófuglar (vaðfuglar, rjúpa og spörfuglar) og máffuglar (máfar og kría) einkenna fuglalíf Úlfarsár. Minkur, hagamús og húsamús eru þau

spendýr sem finnast við ána. Hér á eftir verður helstu einkennum fuglalífs lýst, en nánari upplýsingar eru í 4. viðauka.

8. tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið á og við Úlfarsá neðan Vesturlandsveggar að ósi. Staðfestar og líklegar varptegundir eru auðkenndar með x. Þessi skrá nær einnig til sjaldgæfra fugla sem sést hafa meðfram Úlfarsá.

Tegund	Staða
Fýll	Vor- og sumargestur
Álft	Vetrar- og vorgestur
x Grágæs	Strjáll varpfugl og algengur vetrargestur
Blesgæs	Sjaldgæfur vorgestur
Rauðhöfðaönd	Sjaldséður gestur
x Urtönd	Fremur algengur varpfugl og vetrargestur
x Stökkönd	Alg. varpfugl og vetrargestur; er algengust anda allt árið um kring
Skúfönd	Verpur ofan þjóðveggar, en sést helst á vorin neðan hans
Duggönd	Strjáll varpfugl við ofanverða ána; sést stundum á stíflulóninu
x Æður	Algengur varpfugl og sumargestur
Straumönd	Fyrst og fremst vorgestur, verpur öðru hverju v/útfall úr Hafravatni
Toppönd	Strjáll varpfugl við ofanverða ána. Sést allt árið, en er sjaldgæfari á veturna
Gulönd	Algengur vetrargestur, sérstaklega ofan stíflu
Smyrill	Sést frá hausti fram á vor, algengastur á haustin
Fálki	Sjaldséður haust- og vetrargestur
x Rjúpa	Algengur staðfugl. Verpur strjált og er algengust á haustin
x Tjaldur	Algengur varpfugl
x Sandlóa	Algengur varpfugl
x Heiðlóa	Mjög algengur varpfugl, farfugl sem kemur snemma og fer seint
Sendlingur	Sjaldgæfur sumargestur
x Lóuþráll	Algengur varpfugl
x Hrossagaukur	Mjög algengur varpfugl; að mestu farfugl (sjaldséður vetrargestur)
Jaðrakani	Sjaldgæfur sumargestur við neðanverða ána en verpur ofan þjóðveggar
x Spói	Mjög algengur varpfugl
x Stelkur	Mjög algengur varpfugl
Tildra	Sjaldséður vorgestur
Óðinshani	Sumargestur og strjáll varpfugl
Kjóí	Sumargestur
Hettumáfur	Sumargestur; varp áður við Úlfarsfell en er sjaldg. varpf. í seinni tíð
x Stormmáfur	Sumargestur og strjáll varpfugl
x Sílamáfur	Algengur sumargestur og er strjáll varpfugl neðan Vesturlandsveggar
Silfurmáfur	Sjaldgæfur gestur
Hvítmáfur	Sjaldgæfur gestur
Svarbakur	Sjaldgæfur gestur
x Kría	Algengur varpfugl
Húsdúfa	Heldur til við Korpúlfsstaði og kann að verpa þar og e.t.v. víðar
x Þúfutittlingur	Mjög algengur varpfugl
x Mariuerla	Strjáll varpfugl
Músarrindill	Fremur sjaldséður, en þó árviss, haust- og vetrargestur
x Steindepill	Strjáll varpfugl og haustgestur
x Skógarþröstur	Algengur varpfugl og haustgestur; er sjaldséður að vetrarlagi
Hrafn	Fyrst og fremst vetrargestur, en sést þó vor og haust
x Stari	Algengur staðfugl
x Auðnutittlingur	Algengur gestur og óreglulegur varpfugl
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur

4.3.1 Varpfuglar og sumargestir

Af andfuglum eru stökkönd, urtönd og æður algengastar. Um 40 stökkendur verpa jafndreift með ánni frá upptökum til ósa, en 15–20 urtendur og er meira af þeim ofan Vesturlandsvegar. Um 20 æðar verpa dreift við ána neðan vegar. Stök duggandar- og toppandarpör verpa á umfjöllunarsvæðinu, en skúfönd hefur aðeins fundist verpandi ofan þjóðvegjar. Fáein grágæsapör verpa, en hún er einnig algengari ofan þjóðvegjar.

Ýmsir vaðfuglar eru algengir við Úlfarsá. Heiðlóa, sandlóa, hrossagaukur og stelkur eru þeirra algengastir með 9–17 varppör. Fimm tjalds-, spóa- og lóuprælsör verpa við ána. Óðinshaninn er fáliðaðastur vaðfuglanna (tvö ör).

Aðeins einn rjúpakarri með varpatferli sást í talningunni 1995, en þeir gætu þó verið fleiri. Þúfutittlingur er einn algengasti varpfuglinn, yfir 20 ör verpa með ánni. Aðrir spörfuglar og sjaldgæfari eru maríuerla, steindepill og skógarþröstur, 2–7 ör af hverjum verpa við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar. Stari verpur í húsum nærri ánni og er talsvert varp á Korpúlfsstöðum. Auðnutittlingur verpur sum árin talsvert í trjágörðum í Úlfarsárdal og eitthvað í gördum við Korpu og víðar við neðanverða ána.

Fáein sílamáspör verpa dreift á athugunarsvæðinu. Stormmáfur varp hjá kríuvarpinu við Fossaleynisfossa sumarið 1997, en varp neðan þjóðvegjar hafði þá ekki verið staðfest síðan 1992, þó fuglar sjáist þar árlega. Aftur á móti verpa árlega 1–3 ör skammt ofan Vesturlandsvegar. Tvö kríuvörp eru á svæðinu, um 30–40 ör verpa í Keldnaholti austan Víkurvegar og 20–30 ör skammt austan við Fossaleynisfossa. Fáeinir fuglar verpa síðan dreift annars staðar.

4.3.2 Vetrargestir

Fremur lítið fuglalíf er á veturnum við neðanverða Úlfarsá. Helsti vetrardvalarstaður anda á ánni á þeim tíma er frá Engi/Lambhaga ofan þjóðvegjar niður að stíflu, skammt neðan Vesturlandsvegar. Við og skammt fyrir ofan fyrrnefnda bæi er talsvert lindasvæði og er áin oftast opin þaðan og niður að stíflu. Það er aðeins í mestu frostum sem ána leggur þarna og ekki á hverjum vetri. Þar fyrir neðan er hún oftast meira og minna lögð, en það fer að sjálfsögðu eftir árferði. Hrossagaukar sjást stundum við ána á veturnum og hrafnar og snjótitlingar eru yfirleitt daglegir gestir við ána allan veturinn.

4.4 Náttúrvernd og athyglisverðir staðir við Úlfarsá neðan Vesturlandsvegar

Á athugunarsvæðinu neðan Vesturlandsvegar liðast Úlfarsáin lygn um land sem er að stærstum hluta ræktað og mótað af landnotkun (túnum, trjárækt o.fl.) eða beit allt til ósa. Lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda náttúrufarslega heild.

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 fellur sá hluti athugunarsvæðisins sem er í landi Reykjavíkur undir almenna borgarvernd. Svæði sem falla undir almenna borgarvernd hefur borgarstjórn samþykkt að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar eða menningarsögulegs og listræns gildis. Almenn borgarvernd felur í sér aðhald í umfjöllun í nefndum og ráðum borgarinnar. Allar framkvæmdir eða breytingar á svæðum sem falla undir borgarvernd eru háðar samþykki borgarstjórnar.

Blikastaðakró, leirur og Leirvogshólmi falla undir staðfesta borgarvernd. Staðfest borgarvernd er afmörkuð sem sérstakur landnotkunarreitur á landnotkunarkorti aðalskipulags. Þetta eru svæði og byggð sem sökum einstaks landslags, lífríkis, menningarsögu, minjagildis og listræns gildis ber sérstaklega að vernda. Allar breytingar á svæðunum eru háðar staðfestingu samkvæmt skipulagslögum.

Landið sem fellur undir almenna borgarvernd er landið næst ánni, beggja vegna allt að landi Blikastaða og eftir það einungis að vestanverðu (1. mynd). Blikastaðalandið sem er í lögsögu Mosfellsbæjar, er hins vegar ætlað til landbúnaðar á skipulagi. Þetta sýnir að mismunandi áherslur eru í landnýtingu þessara sveitarfélaga á svæði sem er náttúrufarslega ein heild. Sjálfsagt er og nauðsynlegt að allt þetta svæði, sem og árbakkinn ofan Vesturlandsvegar, sem tilheyrir báðum sveitarfélögum, sé ætlað til samskonar landnotkunar. Má í því sambandi minna á þau vandræði sem hlutust af ólíku skipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar í Fossvogsdal.

Náttúruverndarráð hefur sett Úlfarsá frá upptökum til ósa í Blikastaðakró á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996) ásamt 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna.

Í ritinu Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd (1981) er lagt til að Úlfarsá verði friðlýst. Þar segir á bls. 28–29: „1. Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa í Blikastaðakró ásamt um 200 m breiðum bakka hvorum megin. 2. Fögur á, víða gróin niður að bökkum. Góð laxveiðiá. 3. Friðlýsing æskileg. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir mengun. E.t.v. þarf að takmarka vatnstöku Áburðarverksmiðjunnar úr ánni, en í þurrkatíð dregur óhóflega úr rennsli í neðri hluta árinna.”

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1996–2016 er gert ráð fyrir kirkjugarði og gróðrarstöðvum/garðlöndum austan árinna. Auk þess er gert ráð fyrir íþróttasvæði beggja megin ár, þar með talinn golfvöllur. Verulega verður því þrengt að hinni villtu náttúru við ána, ef ekki verður gætt fyllstu varúðar.

- Lagt er til að Úlfarsársvæðið verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs. Lögð er áhersla á að svæðið fái að halda sínum náttúrulegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Líta verður á Hafravatn, Úlfarsá og 150–250 metra belti beggja vegna ár allt að ósi sem samfellda náttúrufarslega heild. Hér er bent á umfjöllun um efri hluta Úlfarsársvæðisins í skýrslunni um Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Huga þarf að tengslum milli árinna, árbakkans, gróðurlenda og landslagsins næst ánni. Eins og fram hefur komið er náttúrufar svæðisins allfjölbreytt og sumstaðar lítið spilt. Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið ef rétt er á málum haldið. Með góðu skipulagi má koma í veg fyrir mistök og skaða á lífríki þessa svæðis og umhverfisslys eins og orðið hafa í Elliðaárdalnum á undanförunum árum. Þetta þýðir m.a. að breyta þarf áherslum í Aðalskipulagi

Reykjavíkur frá 1996–2016, þannig að skipulagt íþróttasvæði fari ekki nær ánni en 150–200 m.

Áin og vatnasvæði hennar er afar viðkvæmt á margan hátt. Hér á eftir verður bent á nokkra þætti sem þurfa að hafa forgang til að unnt verði að ná fram markmiðum fólkvangs.

- Koma þarf í veg fyrir áburðarmengun frá túnnum á Korpúlfsstöðum, golfvelli, fyrirhuguðum kirkjugarði og gróðrarstöðvum. Þetta á bæði við um áhrif mengunar á villtan gróður og árvatnið. Auk þess verður að leysa þann vanda sem skapast vegna afrennslis yfirborðsvatns frá götum, sem getur verið mengað af olíu og eiturefnum og haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki árinna.
- Æskilegt er að halda mink í skefjum vegna fiska og fugla.
- Plöntur í ræktun geta við ákveðin skilyrði náð fótfestu utan við garða og á það t.d. við um lúpínu. Vökul augu þurfa að fylgjast með að slíkar plöntur nái ekki yfirhöndinni á svæðum sem á að varðveita sem náttúruleg svæði.
- Koma þarf á fastri skipan göngustíga. Leggja þarf göngu- og hjólastíga sem falla vel að landslagi og opna landið á þann hátt fyrir borgarbúa. Fjarlægja þarf girðingar. Huga þarf að því að stígarnir raski ekki náttúrulegu umhverfi um of. Takmarka þarf tímabundið umferð manna um afmörkuð svæði t.d. vegna fuglavarps. Þetta á t.d. við um Korpúlfsstaðahólma.
- Leggja skal áherslu á villtan gróður næst ánni en láta ræktunina njóta sín fjær.
- Úlfarsá flæðir yfir bakka sína í leysingum, sérstaklega ofan Vesturlandsvegar, og fer þá yfir allstórt svæði. Lagt er til að áin fái að halda þessu háttalagi og að ekki verði farið í neinar þær framkvæmdir sem breyta rennsli árinna. Nauðsynlegt er að huga að þessu við skipulag.
- Úlfarsá skiptir löndum milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Nauðsynlegt er að fulltrúar þessara sveitarfélaga ræði saman um það hvernig best verði fyrirkomið skipulagi beggja vegna árinna. Einungis með samvinnu verður hægt að vernda þetta mikilvæga vatnakerfi í nánd við byggð.

Umgengni. Girðingar hindra mjög aðgengi að ánni og árbakkanum. Sumar liggja þvert yfir ána, en slíkt er óheimilt samkvæmt 20 gr. laga um náttúruvernd (Stj.tíð, nr.47/1971). Sumarið 1995 lágu 5 girðingar þvert yfir ána. Auk þessa eru girðingar tengdar vatnstökustíflu Áburðarverksmiðjunnar sem ber að fjarlægja. Flestar girðingar eru annað hvort landamerkjagirðingar eða þær afmarka beitarhólf fyrir hross. Tugir hrossa eru á beit meðfram ánni í landi Blikastaða og hafa þau óheftan aðgang að beit í borgarlandinu milli golfvallar og ár og valda þar miklum spjöllum á gróðri. Hrossin hafa auk þess truflandi áhrif á fuglalíf.

Golfvöllurinn hefur víða verið lagður allt of nærri ánni og nær hann sumstaðar jafnvel alveg niður á árbakkann. Engin úttekt var gerð á náttúruvafi áformaðs golfvallar og næsta nágrennis áður en völlurinn var lagður. Umferð tengd golfvellinum, áburðarmengun og gróðursetning er til boga fyrir fuglalíf.

